




falda aflið

Leysum úr læðingi afl minni og meðalstórra fyrirtækja

Tollar og vörugjöld eru flókin, illskiljanleg og óþörf
*Félag atvinnurekenda grisjar frumskóg íslenskrar verndarhyggju.
Styddu við 5. falda afl Félags atvinnurekenda og stuðlaðu þannig
að aukinni samkeppni og valfrelsi neytenda.*




Júní 2014



VERTU ÓLÖGLEGUR Í UMFERÐINNI!

Ríkið vill helst að þú talir beint í símann í umferðinni og leggur því 25% vörugjöld á handfrjálstan búnað en 0% vörugjöld á farsíma.

Handfrjálstan búnaður ber almennt einnig 7,5% verðtoll en 0% verðtoll frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og fleiri ríkjum.



Ekki horfa á sjónvarpið! Horfðu á tölvuna!
Sjónvarpsskjár ber 7,5% verðtoll og 25% vörugjöld
á meðan tölvuskjár ber engan toll og engin vörugjöld.



EKKI HORFA Á SJÓNVARPIÐ! HORFÐU Á TÖLVUNA!

Sjónvarpsskjár ber 7,5% verðtoll og 25% vörugjöld á meðan tölvuskjár ber engan toll og engin vörugjöld.

Vörugjöld og tollar eiga engan rétt á sér í þessu tilviki. Um er að ræða neyslustýringu sem hefur þau sérkennilegu áhrif að ódýrara er að horfa á sjónvarpsútsendingar í gegnum tölvu en í gegnum sjónvarp.



Ha? Kostar meira að hlusta í friði?
Venjulegur hátalari ber 0% vörugjöld á meðan heyrnatól
sem eru algeng fyrir tónhlöður bera 25% vörugjöld.
Það er sko ekki gott fyrir heimilisfriðinn!



HA? KOSTAR MEIRA AÐ HLUSTA Í FRIÐI!

Venjulegur hátalari ber 0% vörugjöld á meðan heyrnatól sem eru algeng fyrir tónhlöður bera 25% vörugjöld.

Það er sko ekki gott fyrir heimilisfriðinn!

Heyrnatól bera einnig almennt 7,5% verðtoll en 0% verðtoll frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og fleiri ríkjum.

Þetta ber vott um þrautseigju kerfisins þannig að tiltölulega nýlegar vörur lenda í klóm aðflutningsgjalda og það án þess að hið opinbera virðist bregðast við með einhverjum hætti. Kerfið framkallar þannig neyslustýringu án þess að nokkur ástæða sé til – nema e.t.v. til að skemma heimilisfriðinn.



Drekkutíminn dýrari en kaffið!
Eldri kynslóðin fær kaffidrykki án vörugjalda en yngri kynslóðin
fær vörugjöld á kakóið sem nemur 158 kr. á hvert kíló.
Eiga krakkar að byrja strax á kaffidrykkjunni?



DREKKUTÍMINN DÝRARI EN KAFFIÐ!

Eldri kynslóðin fær kaffidrykki án vörugjalda en yngri kynslóðin fær vörugjöld á kakóið sem nemur 158 kr. á hvert kíló.
Eiga krakkar að byrja strax á kaffidrykkjunni?

Kakóið ber almennt 10% verðtoll en 0% verðtoll frá ríkjum innan ESB og fleiri ríkjum.

Hér er enn eitt dæmið um sérkennileg vörugjöld. Af einhverjum sögulegum ástæðum dæmast vörugjöld á vatnsblandað kakó. Afleiðingin er ósanngjörn gjaldtaka sem skekkir verð á markaði..



Bara lítið kjöt fyrir þig!
Nánast ómögulegt er að flytja inn erlenda kjötrétti með miklu kjöti.
Það fellur 52 kr. magntollur á hvert kíló á réttum sem innihalda
minna en 20% kjöt en 30% verðtollur OG 1.144 kr. magntollur
á hvert kíló á réttum sem innihalda *meira en 60% kjöt.*



BARA LÍTIÐ KJÖT FYRIR ÞIG!

Nánast ómögulegt er að flytja inn erlenda kjötrétti með miklu kjöti. Það fellur 52 kr. magntollur á hvert kíló á réttum sem innihalda *minna en 20% kjöt en 30% verðtollur OG 1.144 kr. magntollur* á hvert kíló á réttum sem innihalda *meira en 60% kjöt.*

Þá bera réttir sem innihalda *meira en 20%*, til og með 60%, af kjöti 30% verðtoll og 686 kr. magntoll á hvert kíló.

Ef réttir með *minna en 20% kjöti* eru fluttir inn af Evrópska efnahagssvæðinu, frá S-Kóreu eða Egyptalandi lækkar magntollurinn niður í 41 kr. á hvert kíló. Það sama á þó ekki við um rétti sem innihalda 20% kjöt eða *meira*.




Ekkert kjöt fyrir börnin!
Barnamatur með kjöti er ekki framleiddur á Íslandi
en samt ber hann magntoll, 52 kr. á hvert kíló.



EKKERT KJÖT FYRIR BÖRNIN!

Barnamatur með kjöti er ekki framleiddur á Íslandi en samt ber hann magntoll, 52 kr. á hvert kíló.




SKORTUR! SAMT TOLLUR!

Það er mikill skortur á nautakjöti en samt eru háir tollar á vörunni.

Skortur hefur verið á nautakjöti um nokkurn tíma og hart hefur verið tekist á um þá tollkvóta sem úthlutaðir eru árlega. Sumir stórir nautakjötsinnflytjendur fá stundum engan tollkvóta og geta því ekki flutt inn og selt nautakjöt á samkeppnisgrundvelli þar sem tollurinn er svo hár, bæði almennur tollur og EB tollur (þ.e. tollur vegna innflutnings frá ríkjum innan ESB). Sem dæmi má taka nautalundir en EB tollurinn á þeim er 18% verðtollur og magntollur 877 kr. á hvert kíló.

Stundum hefur verið brugðist við skortsaðstæðum með því að gefa út almenna tollkvóta á nautakjöti, þ.e. ótilgreindu magni af kjöti er hleypt inn í landið á lægri tollum. Í febrúar á þessu ári var gefinn út slíkur tollkvóti m.a. á nautalundir á *magntollinum 658 kr. á hvert kíló fyrir tímabilið 3. mars til 30. september 2014*. Þetta leiðir oft á tíðum til þess að þeir aðilar sem hafa boðið í hina árlegu tollkvótaúthlutun á mjög háu verði sitja uppi með þann kostnað á meðan aðrir geta flutt inn kjötið á lægri tollum.




NEIBB! ÞÚ GETUR BARA BORÐAÐ VERKSMIÐJU KJÚLLA!

Lífrænt ræktaður kjúklingur ber 30% verðtoll og 439 kr. magntoll á hvert kíló þrátt fyrir að engin framleiðsla sé á Íslandi.

Lífrænn kjúklingur hefur hingað til ekki verið framleiddur hér á landi. Eftirspurn eftir honum er þó nokkur en til samanburðar er lífrænn kjúklingur um 15% af heildarneyslu á kjúkling í Danmörku.

Innfluttur lífrænn kjúklingur ber sama toll og sömu gjöld og venjulegir verksmiðjuframleiddir kjúklingar, sem mikið innlent framboð er á hérlandis. Sem dæmi bera almennt heilir kjúklingar (hænsni af tegundinni Gallus domesticus), frystir, **30% verðtoll og magntoll 439 kr. á hvert kíló sem lækkar niður í 18% verðtoll og magntoll 263 kr. á hvert kíló ef flutt er frá ríkjum innan ESB.**

Sneiðar eða skornir hlutar kjúklings, frystir og beinlausir, bera hins vegar **30% verðtoll og magntoll 900 kr. á hvert kíló sem lækkar niður í 18% verðtoll og magntoll 540 kr. á hvert kíló ef flutt er inn af ESB svæðinu.**




Ææ, bara írskt smjör fyrir suma.
Það er 30% verðtollur á smjöri og 623 kr. magntollur
á hvert kíló nema þegar Mjólkursamsöluna vantar írskt smjör!



ÆÆ, BARA ÍRSKT SMJÖR FYRIR SUMA!

Það er 30% verðtollur á smjöri og 623 kr. magntollur á hvert kíló nema þegar Mjólkursamsöluna vantar írskt smjör!




Enga matgæðinga!
Sérstakir ostar, eins og geitaostar, bera 30%
verðtoll og magntoll 430 kr. á hvert kíló þrátt fyrir að
sambærilegir ostar séu ekki framleiddir á Íslandi.



ENGA MATGÆÐINGA!

Sérstakir ostar, eins og geitaostar, bera 30% verðtoll og magntoll 430 kr. á hvert kíló þrátt fyrir að sambærilegir ostar séu ekki framleiddir á Íslandi.

Innfluttir ostar, sem ekki eru framleiddir hér á landi, geta borið 30% verðtoll og magntoll frá 430 kr. upp í 500 kr. á hvert kíló. Um er að ræða sömu álagningu og leggst á innflutta osta úr kúamjólk sem framleiddir eru í miklu magni á Íslandi.




ÓHEPPNIR MEÐ ÓÞOL!

Soyaís, fyrir fólk með mjólkuróþol, er ekki framleiddur á Íslandi en ber 30% verðtoll og 110 kr. magntoll á hvert kíló. Óþolandi!

Með nýlegu frumvarpi Alþingis voru tollar og vörugjöld á staðgengdarvörur kúamjólkur felld niður, þ.e. á vörum eins og soyamjólk, hrísmjólk, hnetumjólk, möndlumjólk og haframjólk. Áfram ber hins vegar vara unnin úr þessum vörum, þ.e. soyaís, toll og vörugjöld. Aðrar vörur unnar úr sama hráefni, eins og jurtaostur og soyajógúrt, bera hins vegar engin vörugjöld eða tolla við innflutning.


Soyaís er ekki framleiddur hér á landi en ber sömu aðflutningsgjöld og innfluttur ís búinn til úr kúamjólk, sem framleiddur er í miklu magni hérlandis, þ.e. 30% verðtoll, magntoll 110 kr. á hvert kíló og 32 kr. í vörugjöld á hvern lítra.



FÁÐU ÞÉR BARA KORNSNAKK!

Það er alltaf 59% verðtollur á kartöflusnakk og 0% tollur á kornsnakk frá ríkjum innan ESB.

Kornsnakk eða maíssnakk, sem er í samkeppni við kartöflusnakk og lítil framleiðsla er á héraðs, ber almennt 20% verðtoll. Kornsnakk ber þó *engan* verðtoll þegar það er flutt inn frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, Sviss, Kanada, Perú, Hong Kong, Svartfjallalandi og fleiri ríkjum.



EKKI EKTA ÍSLENSKT!

Það er 59% verðtollur á kartöflusnacki til að vernda innlenda framleiðslu á snacki úr innfluttu hráefni.



42% verðtollur er á innfluttu kartöflusnacki, unnu úr kartöflumjöli, á meðan 59% verðtollur er lagður á kartöflusnack sem ekki unnið úr kartöflumjöli.

Hérlandis eru aðeins tveir framleiðendur á kartöflusnacki en framleiðsla þeirra annar á engan hátt heildarneyslu neytenda á kartöflusnacki.

Allt bendir til þess, þ. á m. hin sveiflukennda uppskera á innlendum kartöflum, að innlenda framleiðslan á kartöflusnacki sé að miklu leyti búin til úr erlendu hráefni sem íslensku framleiðendurnir flytja inn til landsins annaðhvort tollfrjálst eða á mjög lágum tollum. Þessir háu tollar sem lagðir eru á innflutt kartöflusnack eru því að vernda framleiðslu sem að mestu leyti er búin til úr innfluttu hráefni, neytendum til tjóns.



PLATAÐI ÞIG!

Það er 30% verðtollur á sætum kartöflum þótt þær séu ekki ræktaðar á Íslandi. Grænmeti ber almennt 10% verðtoll.

Sætar kartöflur, eða öðru nafni sæthnúðar, eru ekki framleiddar hér á landi en bera 30% verðtoll við innflutning.

Engin úthlutun er á tollkvótum á sætum kartöflum, andstætt því sem gildir til að mynda um venjulegar kartöflur sem hægt er að flytja inn án tolls á ákveðnum tímum árs þegar innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn neytenda.

Fyrir hendi eru samningar um niðurfellingu tolla við innflutning sætra kartaflna frá ESB löndunum, EFTA löndunum, Færeyjum, S-Kóreu, Egyptalandi, Kanada og Perú. Þessir samningar virðast þó engu máli skipta þar sem neytendur vilja, öðrum fremur, sætar kartöflur sem fluttar eru inn frá Bandaríkjunum og því ber varan áfram umræddan verðtoll.



ÓHEPPINN!

76% verðtollur á franskar kartöflur (til að vernda tæplega 5% af neyslunni).

Einungis einn framleiðandi, Þykkvabæjar, framleiðir franskar kartöflur hér á landi. Þar sem almennt hefur verið skortur á íslenskum kartöflum er Þykkvabæjar fjarri því að anna eftirspurn neytenda eftir vörunni.

Þykkvabæjar flytur því inn kartöflur erlendis frá, allt árið um kring, ýmist á 30% tollum (þ.e. þegar innlend framleiðsla á kartöflum er fyrir hendi) eða tollfrjálst (þ.e. þegar innlend framleiðsla á kartöflum er ekki fyrir hendi) og notar þær m.a. í framleiðslu á frönskum kartöflum.

2,8% af heildarframleiðslu kartaflna hérlandis fer í að búa til franskar kartöflur en sala Þykkvabæjar nemur eingöngu 7% af innanlandsneyslu vörunnar. Þá nemur sú framleiðsla Þykkvabæjar, sem unnin er úr íslenskum kartöflum, innan við 5% af árlegri innanlandsneyslu á frönskum kartöflum.

Ofurtollur er því lagður á rúmlega 95% af neyslu Íslendinga á frönskum kartöflum undir því yfirsýni að verið sé að vernda þau 5% sem eftir standa.



Er nauðsynlegt að seilast inn á baðherbergið?
Salerni, handlaugar/vaskar, baðker, sturtubaðker og
flisar bera öll 15% vörugjöld en þó er engin framleiðsla á Íslandi.



ER NAUÐSYNLEGT AÐ SEILAST INN Á BAÐHERBERGIÐ?

Salerni, handlaugar/vaskar, baðker, sturtubaðker og flisar bera öll 15% vörugjöld en þó er engin framleiðsla á Íslandi.

Það ætlar að taka langan tíma að losna við almenn vörugjöld á Íslandi þrátt fyrir að engin rök séu fyrir þeim. Enn eru þau lögð á ýmsar vörur sem tilheyra baðherberginu og sömu sögu má segja um ýmsar aðrar byggingavörur. Sem betur fer er sennilega bara spurning um hvenær en ekki hvort þessi vörugjöld heyra sögunni til.

